# Hvað einkennir góðan námsmann?

Árum saman hafa kennarar safnað saman leiðum til að hjálpa nemendum að þróa með sér góða námsvitund og vaxtarhugarfar. Námsvitund veitir nemendum verkfæri til að geta talað um og skilið námið en skilningur nemenda á einkennum vaxtarhugarfars kennir þeim rétt hugarfar og eflir trú þeirra á eigin getu. Með því að hafa í huga og tileinka sér þessi námsráð geta nemendur orðið enn betri námsmenn.




## Einbeitir sér

- Leiðir truflun hjá sér
- Gleymir sér í verkefninu
- Gerir eitt í einu
- Brýtur verkefni niður í viðráðanlegar einingar
- Býr til gott skipulag og skipuleggur verkefnin frá upphafi til enda
- Teiknar skýringarmynd, skráir hjá sér hugsanir sínar eða annað sem hjálpar honum að hugsa og muna

## Gefst ekki upp

- Leggur hart að sér
- Æfir sig mikið
- Heldur áfram
- Prófar nýjar aðferðir
- Biður um aðstoð
- Byrjar upp á nýtt
- Hvílir hugann af og til

## Er tilbúinn í samvinnu

- Hlustar á aðra
- Lætur vita þegar hann skilur ekki eitthvað
- Er vingjarnlegur þegar hann er ósammála öðrum
- Hjálpar öðrum með því að útskýra
- Er umburðarlyndur

## Er forvitinn

- Spyr spurninga
- Er vakandi fyrir umhverfi sínu
- Tekur eftir mynstrum og tengingum
- Veltir fyrir sér mögulegum ástæðum
- Rannsakar

## Lætur vaða

- Spyr sjálfan sig „Hvað ef …?"
- Temur sér vaxtarhugarfar
- Hefur ekki áhyggjur þótt honum mistakist
- Lærir af mistökum sínum
- Er spenntur fyrir nýjungum

## Notar ímyndunaraflið

- Er skapandi
- Gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn
- Fær nýjar hugmyndir og spyr nýrra spurninga

## Tekur framförum

- Fer aftur og aftur yfir verkefnin sín
- Skoðar hvar honum hefur tekist best til
- Lagfærir eitt í einu
- Reynir að gera betur en síðast
- Ber sig saman við sjálfan sig en ekki aðra
- Tekur lítil skref í einu

## Nýtur námsins

- Er stoltur af afrekum sínum
- Finnur hvernig taugatengingarnar verða til
- Ímyndar sér að hann verði gáfaðri með hverri mínútu sem líður
- Notar það sem hann hefur lært í lífinu
- Er meðvitaður um það sem hann getur ef hann fær leiðsögn og þjálfun

MENNTAMÁLASTOFNUN 2018 | 8001
Shirley Clarke, *Ideal list of learning powers*
Þjóðarsáttmáli um læsi